

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1809/2003

2011/EES/68/43

frá 15. október 2003

## um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 að því er varðar reglur um innflutning á lifandi nautgripum og nautgripa-, sauðfjár- og geitaafurðum frá Kostaríku og Nýju-Kaledóníu (\*)

FRAMKVÆMDASTJÖRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 frá 22. maí 2001 um setningu reglna um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu tiltekinna tegunda smitandi heilahrörnnar<sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1139/2003<sup>(2)</sup>, einkum fyrstu málsgrein 23. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í álitinu frá 11. maí 2001 um landfræðilega hættu á kúariðu á Kostaríku komst vísindastýrningin að þeirri niðurstöðu að afar litlar líkur séu á að kúariða breiðist út í nautgripum í landinu. Af þessum sökum var Kostaríka tilgreind í skrá yfir lönd sem undanþegin eru tilteknum viðskiptaskilyrðum fyrir lifandi nautgripum og nautgripa-, sauðfjár- og geitaafurðir í tengslum við smitandi heilahrönnun.
- 2) Í uppfærðu álitinu frá 10. apríl 2003 um landfræðilega áhættu í tengslum við kúariðu í tilteknum þriðju löndum breytti vísindastýrningin álitinu frá 11. maí 2001 og komst að þeirri niðurstöðu að ólíklegt sé að kúariða breiðist út í innfæddum nautgripum á Kostaríku en að ekki megi útiloka það. Þess vegna skal Kostaríka ekki lengur undanþegin viðskiptaskilyrðum fyrir lifandi nautgripum og nautgripa-, sauðfjár- og geitaafurðir í tengslum við smitandi heilahrönnun.

- 3) Í álitinu frá 6. mars 2003 um landfræðilega hættu á kúariðu í Nýju-Kaledóníu komst vísindastýrningin að þeirri niðurstöðu að afar litlar líkur séu á að kúariða breiðist út í nautgripum í landinu. Af þessum sökum skal Nýja-Kaledónía tilgreind í skrá yfir lönd sem undanþegin eru tilteknum viðskiptaskilyrðum fyrir lifandi nautgripum og nautgripa-, sauðfjár- og geitaafurðir í tengslum við smitandi heilahrönnun.
- 4) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 999/2001 til samræmis við það.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum XI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. október 2003.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

David BYRNE

framkvæmdastjóri.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 265, 16.10.2003, bls.10. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 42/2006 frá 28. apríl 2006 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 34, 29.6.2006, bls. 1.

(<sup>1</sup>) Stjtið. EB L 147, 31.5.2001, bls. 1.

(<sup>2</sup>) Stjtið. ESB L 160, 27.6.2003, bls. 22.

## VIÐAUKI

Ákvæðum XI. viðauka er breytt sem hér segir:

1. Í stað skrár yfir lönd í b-lið 15. liðar A-hluta komi eftirfarandi:
    - „— Argentína
    - Ástralía
    - Botsvana
    - Brasilía
    - Síle
    - El Salvador
    - Ísland
    - Namibía
    - Nýja-Kaledónía (franskt yfirráðasvæði)
    - Nýja-Sjálaland
    - Nikaragva
    - Panama
    - Paragvæ
    - Singapúr
    - Svasíland
    - Úrúgvæ
    - Vanúatú“
  2. Í stað 3. liðar í D-hluta komi eftirfarandi:
    - „3. Ákvæði 2. liðar skulu ekki gilda um innflutning á nautgripum sem eru fæddir og síðan aldir frá burði í eftirfarandi löndum:
      - Argentínu
      - Ástralíu
      - Botsvana
      - Brasilíu
      - Síle
      - El Salvador
      - Íslandi
      - Namibíu
      - Nýju-Kaledóníu (franskt yfirráðasvæði)
      - Nýja-Sjálandi
      - Nikaragva
      - Panama
      - Paragvæ
      - Singapúr
      - Svasílandi
      - Úrúgvæ
      - Vanúatú“
-